

Nd.

25. Frumvarp til laga

[25. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. málsg. 56. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

- a) Bætur til ekkju eða ekkils samkv. a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkv. 19. gr.
- b) Barnalífeyrir, ekkjubætur samkv. 19. gr. og dagpeningar.
- c) Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkv. 19. gr., örorkubætur og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.
- d) Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
- e) Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting sú, sem hér er lögð til, að gerð sé á 2. mgr. 56. gr. ofangreindra laga, er aðeins sú, að einstæð móðir, sem verður öryrki og hlýtur þar af leiðandi örorkubætur, missi ekki við það mæðralaun, en svo er nú eftir gildandi lögum. Mun sá óréttur hafa komið í lög fyrir misgáning, og er framangreint frumvarp flutt þessu til lagfæringar. Á síðasta Alþingi var sams konar breyting lögð til, og mælti þá heilbrigðis- og félagsmálanefnd með breytingunni, en þar sem þá var komið að þinglokum, vannst ekki tími til fullnaðarafgreiðslu frumvarpsins, og er það því endurflutt nú í þeirri von, að það hljóti greiða og skjóta afgreiðslu.